

Notendaskilmálar og trúnaðaryfirlýsing vegna vefaðgangs að myndum hjá Íslenskri Myndgreiningu ehf.

1. Almenn

- 1.1. Vefkerfið VueMotion frá Carestream gefur læknum og öðrum meðferðaraðilum aðgang að myndgreiningarrannsóknnum og rannsóknarsvörum Röntgendeildar Orkuhússins í vefviðmóti.
- 1.2. Í kerfið eru skráðar upplýsingar í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár.
- 1.3. Íslensk Myndgreining veitir heilbrigðisstarfsmönnum aðgang að kerfinu á grundvelli 13. gr. laga nr. 55/2009.

2. Reglur um vinnslu persónuupplýsinga

- 2.1. Íslensk Myndgreining vekur athygli notanda á því að þegar hann skoðar upplýsingar í kerfinu er um að ræða vinnslu persónuupplýsinga af hans hálfu í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 2.2. Upplýsingarnar í kerfinu teljast viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 90/2018.
- 2.3. Íslensk Myndgreining lítur svo á að notandi sé ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 90/2018 við vinnslu upplýsinga í kerfinu. Notanda ber að fylgja ákvæðum laganna við vinnslu upplýsinga, gæta að skyldum sínum og ábyrgð.

3. Aðgangur, notandanafn og aðgangsorð

- 3.1. Kerfisstjóri tekur við beiðnum um aðgang í síma 520-0170 og á netfanginu rontgen@rontgen.is. Íslensk Myndgreining áskilur sér rétt til þess að krefjast þess að umsækjandi framvísi gildum skilríkjum og/eða starfsleyfi.
- 3.2. Einnig er hægt að óska eftir aðgangi rafrænt með því að senda inn aðgangsbeiðni í gegnum hlekk á heimasíðu Íslenskrar Myndgreiningar, rontgen.is. Skrifu þarf undir slíka beiðni með rafrænum skilríkjum.
- 3.3. Íslensk Myndgreining áskilur sér allan rétt til að hafna beiðni um aðgang ef einhver vafi er á því að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir aðgangi og/eða ef fullnægjandi upplýsingar um umsækjanda liggja ekki fyrir.
- 3.4. Þeir sem óska eftir aðgangi að kerfinu velja sér notandanafn, við undirritun hér að neðan, og fá sent tímabundið aðgangsorð sem þarf að breyta við fyrstu innritun.
- 3.5. Aðgangsorð skulu vera a.m.k. 6 stafa löng með bókstöfum og tölum. Gerður er munur á há- og lágstöfum. Aðgangsorð er gilt í eitt ár. Að þeim tíma liðnum þarf notandi að breyta aðgangsorðinu. Íslensk Myndgreining áskilur sér einnig rétt til að breyta aðgangsorðum af öryggisástæðum óháð líftíma aðgangsorða. Í slíkum tilfellum fá notendur sendar viðeigandi upplýsingar.
- 3.6. Ef lykilorð gleymist er hægt að fá nýju lykilorði úthlutað hjá kerfisstjóra í síma 520-0170. Íslensk Myndgreining áskilur sér rétt til að krefjast þess að notandi framvísi skilríkjum og/eða starfsleyfi.

4. Reglur um notkun

- 4.1. Notandanafn og aðgangsorð eru einkaupplýsingar sem notanda er óheimilt að deila með öðrum.
- 4.2. Notandi skal einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúkling sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum.
- 4.3. Notendur eru minntir á að fylgja ákvæðum laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 sem og laga um sjúkraskrár nr. 55/2009 og reglugerð um sama efni nr. 550/2015.
- 4.4. Til að nota kerfið þarf einungis nettengingu og vafra. Kerfið virkar í hvaða nýlega vafra sem er en mælt er með Chrome vafrafrum frá Google. Athugið að lokað er fyrir aðgang frá erlendum IP-tölum.

- 4.5. Öll notkun er skráð og heimfærð á notendanafn sem og breytingar sem eru gerðar á aðgangi einstakra notenda.
- 4.6. Notendur skulu skrá sig út úr kerfinu að lokinni notkun í hvert skipti.
- 4.7. Notandi skal strax hafa samband við kerfisstjóra Íslenskrar Myndgreiningar ef talið er að óviðkomandi hafi komist yfir aðgangsupplýsingar, í síma 520-0170 og eða með tölvupósti á netfangið rontgen@rontgen.is.
- 4.8. Þeir sem ekki þurfa lengur á aðgangi að kerfinu að halda skulu tilkynna það án tafar til kerfisstjóra Íslenskrar Myndgreiningar, þannig að hægt sé að afskrá þá.

5. Öryggi og brot á reglum

- 5.1. Notandi ábyrgist að fara eftir reglum þessum, lögum um persónuvernd nr. 90/2018 sem og lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 við notkun á kerfinu.
- 5.2. Notendur fá aðgangsorð og dulkóða sem er einstaklingsbundinn. Öll notkun kerfisins er skráð m.t.t. tíma, hvað var gert og hvaða myndir voru sóttar. Þessar skráningar eru geymdar í kerfinu og af þeim er tekið öryggisafrit. Þessar upplýsingar verða skráðar og geymdar svo lengi sem kerfið verður notað.
- 5.3. Íslensk Myndgreining viðhefur formlegt eftirlit með því að aðgangur að kerfinu sé í samræmi við lög og reglur.
- 5.4. Misnotkun notanda á kerfinu og gögnum þáðan er ekki á ábyrgð Íslenskrar Myndgreiningar.
- 5.5. Brot gegn reglum þessum og/eða ofangreindum lögum kunna að vera refsiverð. Íslensk Myndgreining mun kæra brot til viðeigandi yfirvalda.

6. Trúnaðaryfirlýsing

- 6.1. Undirrituð/aður lýsir því yfir að ég mun gæta trúnaðar um allar upplýsingar sem ég fæ vitneskju um í gegnum aðgang minn að kerfinu, og sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum og/eða öðrum fyrirmælum. Þagnarskylda mín nær til allra upplýsinga um sjúklinga, hvaða nafni sem þær nefnast, og helst þótt sjúklingur andist. Ákvæði laga og reglna um þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna eiga við um þagnarskyldu mína, sbr. einkum 17. gr. laga nr. 34/2012 og 12. gr. laga nr. 74/1997. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Nafn:

Læknanúmer (ef við á):

Kennitala:

Starfsheiti/meðferðartengsl:

Aðsetur:

Notendanafn:

Netfang:

Sími: